

165 *Brjef landshöfðingja til oddvítans í Vestmannaeyjahreppi um skilning á orð-*
 29. desbr. **unum »fast aðsetur« í lögum 9. ágúst 1889.**—Í þóknanlegu brjefi, dagsettu 9. f. m.,
 hafð þjer, herra hreppsnefndaroddviti, skýrt frá því, að lög nr. 12 frá 9. ágúst
 1889, um viðauka við lög 9. janúar 1880 um breyting á tilskipun um sveitar-
 stjórn á Íslandi, hafi þegar gefið tilefni til nokkurrar rjettaróvissu; muni það
 einkum vera orðatiltækið »fast aðsetur«, sem jafnvel lögfræðingar skilji hver á
 sinn hátt, með því að sumir skýri þessi orð svo, að sá hafi þar fast aðsetur, er
 hann sje til veru, t. a. m. við smíðar eða sjóróðra í 4 mánuði samfleytt, þótt
 hann eigi heimili annars staðar á landinu.

Út af þessari rjettaróvissu, sem þjer tjáið eiga sjer stað um þetta efni,
 hafð þjer, vegna hreppsnefndarinnar í Vestmannaeyjahreppi leitað úrlausnar
 minnar um málið.

Með skirskotun til þess, sem jeg tók fram við umræðurnar í efri deild
 um framangreind lög frá 9. ágúst 1889 (sbr. Alþ.tíð. 1889 A. 30., 31. og 33. d.)
 skal jeg láta þess getið, að jeg hefi hina sömu skoðun um þetta efni, sem jeg
 ljét í ljósi, að maður geti eigi talizt eiga fast aðsetur í hreppi, þar sem hann
 leitar sjer bráðabyrgðavinnu nokkurn hluta árs (og það jafnvel þótt dvölin í
 hreppnum verði lengri en 4 mánuðir), ef hann á heimili annarsstaðar á landinu.
 Annars heyrir úrlausn þessa atriðis undir dómstólana.

Þetta er yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknan-
 legrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

166 *Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Barðastrandarsýslu um mæling og*
 29. desbr. **skrasetning skipa.** — Þjer hafð, herra sýslumaður, í þóknanlegu brjefi, dagsettu
 6. f. m., meðal annars beiðzt úrlausnar minnar á eptirgreindum fyrirspurnum:

1. Hvort yður beri, áður en þjer afhendið mælingarbrjefin til skipa, 30 tons
 eða minni, að innsenda skrasetningarskjöl skipa þessara, mælingarskirteini,
 skrasetningarskirteini o. s. frv.?
2. Hvort yður beri að mæla upp öll hin smærri fiskiskip, enda þótt auðsætt
 sje, að þau sjeu minni en 12 tons brutto, og hvort slík skip einnig eigi að
 takast á aukaskrána?
3. Hvort yður sje heimilt að yfirfæra í skrána í Barðastrandarsýslu frá skrán-
 um á Ísafirði og Stykkishólmi skíp þau, er heima eiga í umdæmi yðar, án
 þess eigendur skipanna hafi bedið um það?

Framanrituðum fyrirspurnum skal svarað svo, sem hjer segir:

Um 1. Umrædd skjöl, skrasetningarskirteini, mælingarskirteini o. s. frv.
 ber að senda hingað til rannsóknar, áður en þau eru afhent eigendum skip-
 anna.

Um 2. Samkvæmt 1. gr. tilskipunar um skipamælingar frá 25. júní
 1869, ber að mæla skip og báta, sem eru meira en 12 tons að rúmmáli, og
 samkvæmt 2. gr. laga nr. 31 frá 13. desbr. 1895 ber að taka á skipaskrá þau
 skip, sem eiga að vera mæld samkvæmt tilskipuninni um skipamælingar. Ber
 því að svara þessari fyrirspurn neitandi.